

Mál nr. 403/2018**M og
V vegna fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna ljósakónu sem féll úr lofti.****Gögn.**

Málskot, dags. 05.12.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 27.12.2018.

Málsatvik.

Málsatvik voru þau að ljósakróna féll úr lofti á eldhúseyju með þeim afleiðingum að borðplatan eyðilagðist og djúpt skarð kom í parketið. M krafðist bóta úr fasteignatryggingu, sbr. 15. gr. 9. kafla skilmálanna þar sem fram kemur að váttryggingin bæti tjón á váttryggðri húseign vegna þess að festingar á innanhúsloftklæðningu eða naglfastri innréttingu gefa sig skyndilega. M telur orðalag skilmálanna eiga við þegar festingar gefi sig skyndilega en ekki ef innanhúsloftklæðningin gefi sig skyndilega. Að minnsta kosti séu skilmálarnir óljósir og V verði að bera hallan af því.

V telur tjónið ekki bótaskyldt úr fasteignatryggingunni og vísar til 15. gr. 9. kafla skilmálanna. V telur að tjónið verði ekki rakið til þess að festingar á innanhúsloftklæðningu eða naglfastri innréttingu hafi gefið sig skyndilega og því hafi ekki stofnast bótaréttur.

Álit.

Í 15. gr. 9. kafla skilmála fasteignatryggingarinnar kemur fram að váttryggingin bæti tjón sem verði á váttryggðri húseign vegna þess að festingar á innanhúsloftklæðningu eða naglfastri innréttingu gefi sig skyndilega. Orðalag ákvæðisins er skýrt og bætir váttryggingin tjón sem verður af völdum þess að innanhúsloftklæðning losnar ef festing hennar gefur sig skyndilega. Með vísan til framangreinds á M ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingunni vegna tjóns sem varð þegar ljósakróna féll úr lofti og olli tjóni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 29. janúar 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.